



Reykjavík, 13. febrúar 2026
PON26010013

Borgarráð

Heimild til að innleiða reglugátt, miðlægan reglugrunn Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs þann 11. febrúar 2026 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 26. janúar 2026, um heimild til að hefja innleiðingu á reglugátt, miðlægum rafrænum reglugrunni fyrir Reykjavíkurborg. sbr. 4. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d. Lagt var til að stafrænt ráð samþykki verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi.

Tillagan var samþykkt og vísað til meðferðar borgarráðs.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Reykjavík



Reykjavík, 26. janúar 2026
PON26010013

Efni: Heimild til að innleiða reglugátt, miðlægan reglugrunn Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innleiðingu á reglugátt, miðlægum rafrænum reglugrunni fyrir Reykjavíkurborg. Verkefnið felur í sér að safna, samræma og birta allar gildandi reglur borgarinnar á einum stað með samræmdu sniðmáti og útgáfustýringu, þannig að bæði borgarbúar og starfsfólk hafi ávallt aðgang að rétttri og gildandi útgáfu reglna. Það hvílir lagaskylda á Reykjavíkurborg að birta reglur sínar og miðar þetta verkefni að því að uppfylla þá skyldu á faglegan hátt og með því tryggja lögmæta stjórnsýslu, auka réttaröryggi og draga úr réttaróvissu sem getur skapast vegna þess að reglur borgarinnar eru í dag dreifðar, ósamræmdar og oft óljóst hvaða útgáfa er gildandi.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar til desember 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 20 m.kr. sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum, þar af eru 12,5 m.kr. vegna aðkeyptrar þjónustu og 7,5 m.kr. vegna innanhúss mannauðs og verkefnastjórnunar. Aðkeypt þjónusta verður keypt inn á grundvelli verðkönnunar.

Framtíðar rekstrarkostnaður verkefnisins er 2,5 milljónir á ári ásamt mögulegum kostnaði við uppfærslur á kerfinu. Rekstrarkostnaðurinn hefur verið staðfestur af sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 8. janúar 2026, með þeim fyrirvara að rekstrarkostnaður verði til framtíðar innheimtur miðlægt skv. rekstrarlíkani þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Greinargerð:

Reglugátt er miðlægur rafrænn reglugrunnur fyrir Reykjavíkurborg þar sem allar samþykktir, reglur, verklagsreglur og tengd skjöl verða birt á einum stað. Ríkið hefur gefið Reykjavíkurborg aðgang að hugbúnaði sínum um birtingu reglna. Verkefnið felur þannig í sér að mestu aðlögun hugbúnaðarins að kerfum Reykjavíkurborgar og er um leið samræmd aðferð ríkis og borgar við birtingu reglna. Hugbúnaðurinn mun tryggja samræmt snið, útgáfustýringu og skýra ábyrgð á birtingu og viðhaldi reglna. Í dag eru um 100 reglur dreifðar um ólíka miðla og kerfi oft án skýrrar útgáfustýringar. Þetta skapar óvissu um hvaða reglur eru gildandi hverju sinni og eykur hættu á mistökum í stjórnsýslu.

Skýrt og öruggt aðgengi að gildandi reglum er forsenda lögmætrar stjórnsýslu og grunnur að góðri og áreiðanlegri þjónustu við borgarbúa. Í þjónustustefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á gagnsæi, skýra upplýsingagjöf, jafnt aðgengi og samræmda framkvæmd þjónustu. Athugasemdir eftirlitsaðila hafa ítrekað bent á annmarka á núverandi fyrirkomulagi þar sem reglur eru dreifðar og ekki aðgengilegar á einum stað, sem getur haft neikvæð áhrif á þjónustu, réttaröryggi og jafnræði í málsmeðferð. Verði verkefnið ekki innleitt er hættu á að þessir annmarkar haldist áfram, með tilheyrandi áhættu fyrir stjórnsýslu borgarinnar, réttaröryggi borgarbúa og starfsfólks og aukinni hættu á kærum og álitamálum.

Innleiðing Reglugáttar styður beint við markmið þjónustustefnu Reykjavíkurborgar með því að tryggja eitt skýrt og aðgengilegt aðgengi að gildandi reglum, bæði fyrir borgarbúa og starfsfólk. Með því er dregið úr hættu á réttaróvissu, misskilningi, kærum og álitamálum og stuðlað að samræmdri, fyrirsjáanlegri þjónustu. Verkefnið er þannig í samræmi við gildandi þjónustustefnu borgarinnar og markmið hennar um bætta, samræmda og áreiðanlega þjónustu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 20 m.kr. á framkvæmdatíma.

Aðkeypt þjónusta vegna aðlögunar og innleiðingar kerfisins nemur 12,5 m.kr. (m. vsk.) og felur aðallega í sér tæknilega aðlögun, þróun og uppsetningu lausnar. Kostnaður vegna innanhúss mannauðs og verkefnastjórnunar nemur 7,5 m.kr. og tekur m.a. til verkefnastjórnunar, vinnu lögfræðinga og sérfræðinga, samræmingar reglna, innleiðingar og gæðaeftirlits.

Kostnaðaráætlunin byggir á skilgreindu umfangi verkefnisins og tekur til undirbúnings, framkvæmdar og innleiðingar. Rekstrarkostnaður eftir innleiðingu er aðgreindur frá fjárfestingarkostnaði og hefur verið áætlaður 2,5 m. kr. á ári, auk mögulegs kostnaðar vegna uppfærslna, í samræmi við forsendur kostnaðaráætlunar verkefnisins.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur





Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (26.01.2026)

Verkefnaráðsfundur: 15.01.2026

Reglugátt

Samantekt:

Reglur Reykjavíkurborgar eru nú dreifðar á mörgum stöðum, oft á mismunandi formum eins og PDF-skjölum á vefnum eða í skjölum sem eru ekki útgáfustýrð. Óvissa ríkir um hvaða reglur eru í gildi og hvort þær reglur sem finnast séu gildar og samþykktar útgáfur. Borginni ber lagaleg skylda til að birta reglur á skýran og traustan hátt svo allir geti treyst þeim, en ef það er ekki gert skapast óvissa og hætta á mistökum sem geta leitt til kostnaðar. Skýrt og öruggt aðgengi að gildandi reglum er forsenda lögmætrar stjórnsýslu, en Reykjavíkurborg skortir miðlægan, rafrænan reglugrunn og umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað bent á þennan annmarka. Þetta veldur réttaróvissu og veikri stöðu borgarinnar gagnvart kærunefndum, eftirlitsaðilum og dómstólum.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 1 ár

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 2,33

Ábati 33%: 2

Felst í tímasparnaði starfsfólks og borgarbúa, minnkar líkur á kærum, eykur réttaröryggi og jafnræði borgarbúa.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 3

Verkefnið nútímavæðir innviði er kemur að utanumhaldi á reglum borgarinnar og gagnahögun verður betri með nýju kerfi.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 2

Mun auðvelda starfsfólki og borgarbúum að nálgast réttar reglur á einfaldan máta.

Lagalegar kröfur – Já

Birting samræmdra og uppfærðra reglna í miðlægum, rafrænum reglugrunni er liður í því að uppfylla lögmætisreglu stjórnsýsluréttar, tryggja fyrirsjáanleika, jafnræði, leiðbeiningarskyldu og raunhæft aðgengi starfsfólks, íbúa og almennings að gildandi reglum í samræmi við stjórnsýslulög og markmið upplýsingalaga.

Virðingarfyllst,

Verkefnaráð

Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Reglugátt Reykjavíkurborgar

Eigandi: Agnes Guðjónsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar
PON

Barfagreining

Reglur Reykjavíkurborgar eru birtar á fleiri en einum stað og yfirsýn yfir gildandi reglur og útgáfur þeirra er takmörkuð. Þörf er á að styrkja núverandi fyrirkomulag til að tryggja samræmda, gagnsæja og lögmæta stjórnsýslu. Reglugátt mætir þessari þörf með miðlægri og skipulagðri birtingu reglna.

Áskorun

- Reglur Reykjavíkurborgar eru í dag birtar á fleiri en einum stað
- Yfirsýn yfir gildandi reglur og útgáfur þeirra er takmörkuð
- Áskorun felst í að samræma ferli samþykktar, birtingar og uppfærslu reglna
- Þörf er á stafrænum innviði sem styður gagnsæja og skilvirka stjórnsýslu

Markmið

- Einn miðlægur reglugrunnur
- Aðeins gildandi og rétt samþykktar reglur birtar
- Samræmt ferli samþykktar og birtingar
- Aukið réttaröryggi og traust

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Betri og gagnsærri stjórnsýsla
- Tímasparnaður starfsmanna
- Færri mistök, kærur og leiðréttingar
- Aukið réttaröryggi borgarbúa

Tímalína

12 mánuðir

Kostnaður

Heildarkostnaður 20 m. kr.
Eignasjóður 20 m. kr.
Rekstur 2,5 m. kr. á ári

Innkaup

- Samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar
- Verðkönnun


Stafrænn leiðtogi: Búi Bjarmar Aðalsteinsson



Reglugátt

Búi Bjarmar Aðalsteinsson, stafrænn leiðtogi


Agnes Guðjónsdóttir, eigandi verkefnisins





Í hnotskurn


- Reglur borgarinnar eru í dag út um allt og alls konar og ekki hægt að sjá á einum stað hvaða reglur gilda.
- Borginni ber skylda til að birta reglur skýrt og tryggja að fólk geti treyst þeim.
- Ef það er ekki gert skapast óvissa og hætta á mistökum sem getur leitt til kostnaðar.





Í hnotskurn

- Forsenda stjórnsýslu:
 - Skýrt og öruggt aðgengi að gildandi reglum er forsenda lögmætrar stjórnsýslu.
- Staðan í dag:
 - Reykjavíkurborg skortir miðlægan, rafrænan reglugrunn – athugasemdir umboðsmanns Alþingis hafa ítrekað bent á þennan annmarka
- Áhætta:
 - Réttaróvissa sem veikir stöðu borgarinnar gagnvart kærunefndum, eftirlitsaðilum og dómstólum.






Í hnotskurn

Staðan í dag:

- U.þ.b. 100 reglur dreifðar og ósamræmdar
- Óljóst hvað er gildandi útgáfa

Óskastaða:

- Allar reglur á einum stað
- Samræmt sniðmát og útgáfustýring
- Alltaf skýr gildandi útgáfa





Ákvörðun verkefnaráðs

- Samþykkja fjármögnun: **20 m.kr** þróun á fjárfestingu
- Óskað er eftir verkefnastjóra og stuðningi frá UTR.
- Skipa þverfaglegt innleiðingarteymi.
- Samþykkja að nýta kerfi ríkisins án leyfisgjalda.





Áskorun

100 reglur eru út um allt – ósamræmi og upplýsingaóreiða.

Núverandi staða

- Upplýsingaóreiða
- Ósamræmi í birtingu skjala, framsetningu, utanumhaldi og eftirfylgni
- Skortur á útgáfustýringu
- Réttaróöryggi

Lausn

- Réttar reglur birtar
- Allar reglur, samþykktir, verklagsreglur o.s.frv. á sama stað.
- Útgáfustýring
- Einfalt viðmót
- Betri þjónusta í samræmi við þjónustustefnu

Ábati

- Uppfyllir lagaskyldu
- Samræmi
- Skilvirkni
- Bætt þjónusta
- Aukið traust
- Minni ruglingur
- Kemur í veg fyrir miskilning og mögulega kærur.
- Réttaröryggi



- [illegible]



Tímalína

Blátt = innanhús

Grænt = utanaðkomandi

FASI 0

- ✓ Verðkönnun lokið
- ✓ Umfang skilgreint
- ✓ Verkefnisrammi og ábyrgð samþykkt

FASI 3

- ✓ Samræmt sniðmát samþykkt
- ✓ Útgáfustýring skilgreind
- ✓ Verklagsreglur um ábyrgð og birtingu tilbúnar

FASI 1

- ✓ Kóði fluttur í kóðageymslu Reykjavíkurborgar (GitHub), með aðstoð UTR
- ✓ Útgáfupípur virkar

FASI 4

- ✓ Reglur hreinsaðar og samræmdar
- ✓ Reglur settar handvirkt inn
- ✓ Gæðaprófanir lokið

FASI 2

- ✓ Gagnagrunnur + gagnalíkan aðlagð að starfsemi Reykjavíkurborgar
- ✓ fyrsta reglan prófuð
- ✓ PDF ferli sannprófað


FASI 5/6

- ✓ Viðmót hannað
- ✓ Undirverkefni tengd
- ✓ Leit og notendaflæði prófað
- ✓ Leiðbeiningar til starfsfólks
- ✓ Kerfi sett í loftið



Tímalína

- Blátt = innanhús
- Grænt = utanaðkomandi





Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er **20 mkr** og áætlaður tími er 12 mánuðir



Kostnaður mannauðs

Á fjárfestingu:

- Verkefnastjóri – 20% 3,6 mkr á ári
- Sumarstarfsmaður/laganemi 580 þús á mánuði í 3 mánuði = 1.740.000 kr.

Á rekstri:

Deildarstjóri ráðgjafar - 20%
Lögfræðiteymi ÞON – 10%
Lögfræðingar á öðrum sviðum vegna innleiðingar

Aðkeypt þjónusta

Heild: kr. 12.500.000 kr.

Aðlögun kerfis: 12.500.000 kr.m.vsk

Rekstrarkostnaður

Mánaðarlegur rekstrarkostnaður eftir innleiðingu:

- Vörustjóri -10% 150.000 kr. á mánuði
 - 200-400 evrur á mánuði í hýsingarkostnað
 - Hjálparborð UTR og DevOps UTR
- = 2.160.000-2.520.000 kr. á ári**

Fjármögnun rekstur hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs, **dags 8.jan. 2026 með þeim fyrirvara að rekstrarkostnaður muni til framtíðar verða innheimtur miðlægt líkt og Hlaðan.**



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við árs tímabil

Mælanlegur ábati

- Umhverfisáhrif 2 KG
- Tímasparnaður stm 80 klst
- Tímasparnaður borgarbúa 40 klst
- Kostar minna 760.000 kr
- Fækkar kærur Magn: 1
- Samrekstur já/kannski

Samtals:

- Sparnaður í 1.562.075 kr

Kostnaður

- 20 m.kr í þróunar og viðhaldskostnað fyrsta árið greitt af fjárfestingu.

Ómælanlegur ábati

- Uppfyllir lagaskyldu
- Samræmi
- Skilvirkni
- Bætt þjónusta
- Aukið traust
- Minni ruglingur
- Kemur í veg fyrir misskilning og mögulega kærur.
- Réttaröryggi

Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

- Tryggir lögmæti og réttaráhrif reglna með samræmdri, opinberri birtingu í samræmi við lögbundnar kröfur
- Eykur réttaröryggi og jafnræði borgarbúa og starfsfólks með einni gildandi og áreiðanlegri heimild
- Dregur úr réttaróvissu, misskilningi og kærur og styrkir þannig skilvirkni og traust á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar





Lagastoð verkefnisins



Birting samræmdra og uppfærðra reglna í miðlægum, rafrænum reglugrunni er liður í því að uppfylla lögmætisreglu stjórnarsýsluréttar, tryggja fyrirsjáanleika, jafnræði, leiðbeiningarskyldu og raunhæft aðgengi starfsfólks, íbúa og almennings að gildandi reglum í samræmi við stjórnarsýslulög og markmið upplýsingalaga.



Næstu skref


- Leita tilboða
- Aðlaga kerfi
- Áframhaldandi samtal við
Island.is
- Innsetning gagna
- Innleiðing





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármögnun uppá 20 mkr.
- Óska eftir verkefnastjóra og stuðning frá UTR í ca 12 mánuði.





Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er **20 mkr** og áætlaður tími er 12 mánuðir



Kostnaður mannauðs

Á fjárfestingu:

- Verkefnastjóri – 20% 3,6 mkr á ári
- Sumarstarfsmaður/laganemi 580 þús á mánuði í 3 mánuði = 1.740.000 kr.

Á rekstri:

Deildarstjóri ráðgjafar - 20%
Lögfræðiteymi ÞON – 10%
Lögfræðingar á öðrum sviðum vegna innleiðingar

Aðkeypt þjónusta

Heild: kr. 12.500.000 kr.

Aðlögun kerfis: 12.500.000 kr.m.vsk

Rekstrarkostnaður

Mánaðarlegur rekstrarkostnaður eftir innleiðingu:

- Vörustjóri -10% 150.000 kr. á mánuði
 - 200-400 evrur á mánuði í hýsingarkostnað
 - Hjálparborð UTR og DevOps UTR
- = 2.160.000-2.520.000 kr. á ári**

Fjármögnun rekstur hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs, **dags 8.jan. 2026 með þeim fyrirvara að rekstrarkostnaður muni til framtíðar verða innheimtur miðlægt líkt og Hlaðan.**



Reykjavík